



Hafnarfjarðarbær - Fjölskylduþjónusta
Rannveig Einarsdóttir, Sviðsstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 29. janúar 2019
Tilv.: HRN19011677/06.70.08

Efni: Svar - fjölgun úrræða fyrir fólk með heilabilun

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 22. janúar 2019 þar sem farið var fram á endurskoðun ákvörðunar ráðuneytisins varðandi höfnun á beiðni Hafnarfjarðarbæjar um fjölgun dagdvalarrýma, sbr. bréf ráðuneytisins til Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. desember 2018.

Ráðuneytið hefur ríkan skilning á erindinu en er þó ávallt bundið af fjárlögum og hefur ekki tók á að fjölga rýmum nema fjárveiting til slíks liggi fyrir.

Ekki er því hægt að verða við beiðni þessari að svo stöddu.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Elsa B. Friðfinnsdóttir

Guðlaug Einarsdóttir



HAFNARFJÖRÐUR

Heilbrigðisráðuneytið

bt. Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra

Hafnarfjörður 22.1.2019

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Efni: Fjölgun úrræða fyrir fólk með heilabilun

Á fund fjölskylduráðs Hafnarfjarðar þann 18.janúar s.l. var eftirfarandi bókað:

„Í ágúst 2018 lýsti fjölskylduráð Hafnarfjarðar yfir áhyggjum sínum af löngum biðlistum í dagdvöl fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma. Ákveðið var að stofna starfshóp sem hafði það eina verkefni að finna húsnæði í Hafnarfirði fyrir dagdvöl. Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðum í nóvember sl. Ákveðið var að taka á leigu rými í Drafnarhúsinu. Í Drafnarhúsinu er nú þegar rekin dagdvöl fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma og þetta nýja rými yrði því viðbót við þá starfsemi. Í þessu nýja rými yrði pláss fyrir 10-12 einstaklinga. Á höfuðborgarsvæðinu eru 163 á biðlista eftir dagdvöl og 26 af þeim bíða eingöngu eftir Drafnarhúsi. Með þessu nýja rými hefðum við stytta biðlista í Drafnarhúsinu um tæplega helming.

Í nóvember var sent bréf á heilbrigðisráðuneytið þar sem látið var vita að Hafnarfjarðarbær væri tilbúin með rými fyrir dagdvöl fyrir 10-12 einstaklinga og óskað var eftir fjármagni sem ríkið á að greiða. Í desember barst svar frá ráðuneytinu þar sem erindinu var hafnað.

Sveitarfélög eru ekki skuldbundin til þess að útvega húsnæði en í ljósi vandans ákvað Hafnarfjarðarbær að fara í þá vinnu að finna húsnæði svo að hægt væri að koma til móts við þá sem eru á biðlista.

Fjölskylduráð hagnar þessa ákvörðun ráðuneytisins og fer fram á það að hún verði endurskoðuð.“

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri